

## LYKILUPPLÝSINGAR FJÁRFESTA

Í skjali þessu er að finna lykilupplýsingar um þessa sjóðsdeild. Skjalið er ekki markaðsefni. Upplýsingar þessar eru settar fram á grundvelli laga til að hjálpa þér að skilja eðli og áhættu þess að fjárfesta í þessum sjóði. Þér er ráðlagt að lesa skjalið svo þú getir tekið upplýsta ákvörðun um hvort rétt sé að fjárfesta í sjóðsdeildinni.

**IS Einkasafn B, flokkur A**, sjóðsdeild í IS Einkasöfnum (Kt. 600115-9600, ISIN: IS0000025526)

Sjóðsdeild þessi er rekin af Íslandssjóðum hf. (kt. 690694-2719), dótturfélagi Íslandsbanka hf.

### MARKMIÐ OG FJÁRFESTINGARSTEFNA

#### Markmið

Markmið sjóðsdeildarinnar er langtímahækkun eigna með fjárfestingum í hlutdeildarskírteinum verðbréfasjóða, fjárfestingasjóða og annarra sérhæfðra sjóða, auk þess að fjárfesta í stökum fjármálagerningum og innlánum í samræmi við fjárfestingastefnu. Markmið sjóðsdeildarinnar er að ná betri ávöxtun en viðmið sjóðsdeildarinnar.

#### Fjárfestingarstefna

Sjóðsdeildin fjárfestir í hlutdeildarskírteinum verðbréfasjóða, fjárfestingasjóða og annarra sérhæfðra sjóða. Sjóðsdeildinni er einnig heimilt að fjárfesta í stökum fjármálagerningum. Fjárfestingar í gegnum sjóði og stakir fjármálagerningar skulu vera í ríkistryggðum verðbréfum. Að auki hefur sjóðsdeildin heimildir til að fjárfesta beint eða í gegnum sjóði í skuldabréfum sveitarfélaga, skuldabréfum og víxlum annarra útgefanda auk innlána. Jafnframt fjárfestir sjóðurinn í stökum hlutabréfum og hlutabréfsjóðum að hámarki 15% af eignum sínum. Sjóðsdeildinni er heimilt að fjárfesta í afleiðum bæði sem hluta af áhættustýringu sinni og sem hluta af fjárfestingarstefnu, en að hámarki 20% af heildareignum. Sjóðsdeildin má fjárfesta allt að 60% af eignum sínum í erlendum fjármálagerningum.

Sjóðsdeildin hefur víðtækar fjárfestingarheimildir og getur eignasamsetning sveiflast mikið, t.d. eftir mati sjóðstjóra og efnahagsástandi hverju sinni.

#### Viðmið

Viðmið sjóðsdeildarinnar er samsett úr vísitölunum OMXI10Y1 (18,5%), OMXI10YNI (9,25%), OMXI5YI (27,75%), OMXI5YNI (18,5%), OMXI1YNI (9,25%), OMXI3MNI (9,25%) og OMXIPI (7,5%).

#### Arður

Sjóðurinn er vaxtarsjóður, þ.e. vextir, vaxtavextir, arður og aðrar tekjur leggjast við höfuðstól. Ekki er greiddur arður af eignarhlutdeild í sjóðnum.


#### Fjárfestingartímabil

Ráðlegging: sjóður þessi gæti verið óhentugur fyrir fjárfesta sem hyggjast taka fé sitt út innan 3ja ára.

Hlutdeildarskírteini skulu innleyst að kröfu eigenda. Hægt er að kaupa og innleysa hlutdeildarskírteini alla virka daga. Pantanir sem berast fyrir viðmiðunartíma viðskipta kl. 15.00 eru afgreiddar að tveimur virkum dögum liðnum. Pantanir sem berast eftir viðmiðunartíma viðskipta afgreiðast að þremur virkum dögum liðnum.

Lágmarksfjárhæð viðskipta eru 10.000 kr. og 5.000 kr. í áskrift.

### ÁHÆTTA OG ÁVÖXTUN



1	2	3	4	5	6	7
---	---	---	---	---	---	---

Áhættumælikvarðinn mælir áhættuna vegna verðsveiflna. Mælingin byggir á sögulegum vikulegum gögnum um verðsveiflur sjóðsdeildarinnar síðustu 5 ár. Sjóðsdeildin mælist í 3. flokki áhættumatsins.

Kaupum á hlutdeildarskírteinum sjóðsdeildarinnar fylgir því nokkur hættu á verðsveiflum.

Takmarkanir áhættumælikvarðans:

- Ávöxtun í fortíð er ekki ávísun á ávöxtun í framtíð
- Áhættuflokkunin sem er sýnd hér að ofan er ekki tryggð og gæti breyst
- Lægsta áhættuflokkunin merkir ekki „áhættulaus“

IS Einkasöfn er fjárfestingarsjóður skv. lögum nr. 45/2020 um rekstraraðila sérhæfðra sjóða.

Áhættuþættir sem hafa áhrif á verðmæti eignarhlutar í sjóðsdeildinni en áhættumælikvarðinn nær ekki yfir eru útlánaáhætta, lausafjáraáhætta, mótaðilaáhætta og rekstraráhætta.

Nánari umfjöllun um áhættu er að finna í útboðslýsingu IS Einkasafna á [www.islandssjodir.is](http://www.islandssjodir.is)

## GJÖLD FYRIR ÞENNAN SJÓÐ

Gjöldin sem þú greiðir eru notuð til þess að greiða kostnað við rekstur sjóðsdeildarinnar, þ.m.t. kostnað við markaðssetningu og dreifingu hennar. Þessi gjöld skerða mögulega ávöxtun fjárfestingar þinnar.


Eingreiðslugjöld innheimt fyrir eða eftir fjárfestingu	
Gjald við kaup	1,00%
Gjald við sölu	0,00%
<p>Ofangreind gjöld eru hámarksgjöld sem gætu verið dregin af fé þínu áður en fjárfest er og áður en afrakstur af fjárfestingu þinni er greiddur út.</p>	
Gjöld sem eru dregin af sjóðnum á ársgrundvelli	
Viðvarandi gjöld, flokkur A	1,68%
Gjöld sem eru dregin af sjóðsdeildinni við tiltekna aðstæður	
Árangurstengd þóknun	Á ekki við

**Gjöld vegna kaupa og sölu** eru hámarksgjöld sem rekstrarfélaginu er heimilt að innheimta skv. reglum sjóðsdeildarinnar. Í sumum tilfellum er mögulegt að gjaldið sé lægra, en upplýsingar um slíkt má nálgast hjá söluaðila sjóðsdeildarinnar.

**Viðvarandi gjöld eru byggð á útgjöldum ársins 2020.** Fjárhæð þeirra kann að vera breytileg frá ári til árs. Undanskilinn er viðskiptakostnaður vegna eignasafns. Sjóðsdeildin skiptist í tvo flokka, A og B. Flokkur B er fyrir fjárfesta sem eru með samning um eignastýringu eða fjárfestingarráðgjöf við Íslandsbanka en flokkur A er fyrir aðra fjárfesta.

Frekari upplýsingar um gjöld er að finna í útboðslýsingu IS Einkasafna á [www.islandssjodir.is](http://www.islandssjodir.is)

## FYRRI ÁRANGUR



Ávöxtun í fortíð er hvorki vísbending um né trygging fyrir ávöxtun í framtíð.

Allar ávöxtunartölur eru í ISK að frádregnum kostnaði (umsjónarlaunum, viðskiptakostnaði og öðrum kostnaði sem fellur á sjóðsdeildina).

Gjaldmiðill sjóðsdeildarinnar er ISK.

Sjóðsdeildin hóf rekstur 6. maí 2015.

## HAGNÝTAR UPPLÝSINGAR

Vörsluaðili:	Íslandsbanki hf.
Nánari upplýsingar:	Frekari upplýsingar um sjóðsdeildina, útboðslýsingu, upplýsingablað, gengi sjóðsdeildarinnar og ársskýrslur Íslandssjóða má nálgast á <a href="http://www.islandssjodir.is">www.islandssjodir.is</a> . Prentuð eintök eru einnig fáanleg án endurgjalds á skrifstofu Íslandssjóða. Lykilupplýsingar þessar lýsa deild í IS Einkasöfnum. Eignir og skuldir sjóðsdeildarinnar eru aðgreindar frá öðrum sjóðsdeildum skv. lögum. Flutningur milli sjóðsdeilda fer eftir sömu reglum og gilda um tilhögun viðskipta.
Skattar:	Um skattlagningu hagnaðar af hlutdeildarskírteinum gilda lög um tekjuskatt nr. 90/2003, lög um fjármagnstekjuskatt nr. 94/1996 ásamt lögum um staðgreiðslu opinberra gjalda nr. 45/1987. Íslandsbanki, vörsluaðili Íslandssjóða, sér um að standa skil á fjármagnstekjuskatti skv. 3. gr. laga nr. 94/1996, um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur. Hann reiknast þegar hlutdeildarskírteini eru seld með hagnaði eða þegar tekjur eru greiddar af hlutdeildarskírteinum. Frekari skattlagning getur þó komið til. Vakin skal athygli á því að skattameðferðin ræðst af aðstæðum hvers viðskiptavinar fyrir sig og getur tekið breytingum í framtíðinni. Um erlenda aðila gilda reglur þess ríkis sem viðkomandi hefur skattalegt heimilisfesti í. Fjárfestum er ráðlagt að leita sér ráðgjafar og/eða upplýsinga um skattaleg áhrif þess að fjárfesta í sjóðsdeildinni.
Ábyrgð:	Íslandssjóðir hf. er einungis ábyrgt fyrir yfirlýsingum í þessu skjali sem kunna að reynast vera villandi, rangar eða ekki í fullu samræmi við hluta af útboðslýsingu sjóðsins.

Sjóðsdeild þessi hefur hlotið staðfestingu á Íslandi og heyrir undir eftirlit Fjármálaeftirlitsins. Íslandssjóðir hf. hafa starfsleyfi á Íslandi og heyrir undir eftirlit Fjármálaeftirlitsins. Þessar lykilupplýsingar eru réttar m.v. 17. febrúar 2021.